

**Nr. 101 / 15 Grundfirðingur SH 24****Vélavana og dreginn frá Látrabjargi**

Skipaskr.nr. 1202  
Smíðaður: Garðabæ 1972, Stál  
Stærð: 150,8 brl. 255 bt.  
Mesta lengd: 35,37 m Mesta lengd: 35,37 m  
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,55 m  
Vél: Caterpillar 578 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**  
Gögn RNS



Grundfirðingur©Þorgeir Baldursson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. september 2015 var Grundfirðingur SH 24 á línuveiðum á Breiðarfjarðamiðum. Veður: S 10 m/s.

Grundfirðingur var staddur um fjórar sml suður af Látrabjargi þegar skipið varð vélarvana og rak í átt að bjarginu. Haft var samband við Ásbjörn RE 50 sem var skammt undan á norðurleið og kom hann til aðstoðar og dró Grundfirðing SH frá Látrabjarginu meðan á viðgerð stóð.

Rúmum fjórum tímum eftir að vélin stöðvaðist tókst vélstjórum að koma henni í gang á ný og sleppti Ásbjörn þá dráttartauginni.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slanga við hitara aðalvélar fór að leka svo kælivatnið fór af vélinni;
- að slangan sem var vírofin og staðsett á bak við smurolíukælirinn hafði nuddast utan í kælinn þrátt fyrir að hafa verið bauluð niður. Erfitt var að komast að henni og fylgjast með ástandi hennar;
- að slangan var frá vélaframleiðanda.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var sú að slanga fyrir hitara gaf sig.